



Framkvæmda- fréttir 21. tbl. /08

Framkvæmdir 2008, Norðvestursvæði

sjá kort bls. 4-5



Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur-Djúpvegur. Nýbygging 24 km. Verktaki: Ingileifur Jónsson ehf. Útboð í mars 2007. Verklök í október 2009. Myndin er tekin 25. júní 2008 í vesturátt. Króksfjarðarnes og Breiðaffjörður í baksýn. Ljósmynd: Mats Wibe Lund.

Umhverfisskýrsla Vegagerðarinnar 2007

Vegagerðin hefur gefið út skýrslu sína um umhverfismál stofnunarinnar árið 2007. Hægt er að nálgast skýrsluna á pdf formi á vef Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is, undir „Upplýsingar og útgáfa“ og síðan „Umhverfismál“. Þar má einnig finna skýrslur þriggja undanfarinna ára. Ritstjóri skýrslunnar er Matthildur B. Stefánsdóttir. Hér á eftir eru birtir tveir stuttir kaflar úr skýrslunni, þ.e. umhverfisstefna Vegagerðarinnar og inngangur vegamálastjóra.

Umhverfisstefna Vegagerðarinnar

Hlutverk Vegagerðarinnar er að þróa og sjá um vegakerfið á sem hagkvæmasta hátt með þarfir samfélagsins, öryggi veg-

farenda og umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Meginmarkmið umhverfisstefnu Vegagerðarinnar er góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa.

Til að ná þessu meginmarkmiði hefur Vegagerðin sett sér eftirfarandi umhverfisstefnu:

- Að setja mælanleg markmið varðandi umhverfismál og endurskoða þau með hliðsjón af árangri, setja nauðsynlegar verklagsreglur og fylgja þeim eftir
- Að vinna að stöðugum umbótum í umhverfismálum í anda sjálfbærrar þróunar

framhald á bls. 2

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 21. tbl. 16. árg. nr. 506 14. júlí 2008

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

framhald af forsíðu

- Að haga starfseminni í samræmi við gildandi lög og reglur um umhverfismál
- Að efla umhverfisvitund og áhuga starfsmanna á mikilvægi umhverfismála
- Að taka tillit til umhverfisáhrifa við innkaup á aðföngum
- Að fara sparlega með auðlindir og farga úrgangi með sem minnstum umhverfisspjöllum
- Að kynna verktökum, birgjum, vegfarendum og stjórnvöldum stefnu Vegagerðarinnar í umhverfismálum
- Að endurskoða umhverfisstefnuna á tveggja ára fresti

Ávarp vegamálastjóra

Árið 2007 var áfram unnið að framgangi umhverfisstefnu Vegagerðarinnar af fullum krafti. Það sem ef til vill helst stendur uppúr er að á árinu var unnin svokölluð ferilgreining á starfsemi miðstöðvar, svæðismiðstöðva, svæðisstöðva, þjónustustöðva, brúarvinnuflokka og málningarflokka í þeim tilgangi að greina umhverfisþætti í starfseminni. Ég vil nota

Niðurstöður útboða

Mjóafjarðarferja 2008 - 2011 08-076
Tilboð opnuð 8. júlí 2008. Rekstur á ferjuleiðinni Mjóifjörður-Neskaupstaður, þ.e. að annast flutninga á farþegum og vörum með ferju frá 1. september 2008 til 31. ágúst 2011.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
2	Anný, Kastala, Mjóafirði	40.379.976	104,2	3.564
---	Áætlaður verktakakostnaður	38.750.400	100,0	1.934
1	Fjarðaferðir ehf., Fjarðabyggð	36.816.000	95,0	0

Héðinsfjarðargöng
Gröftur Héðinsfjarðarganga frá Héðinsfirði til Ólafsfjarðar gekk hægt í viku 27 vegna lélegs bergs. Sprengdir voru 28 m og var lengd ganga þeim megin frá 462 m 7. júlí.
Gröftur frá Ólafsfirði til Héðinsfjarðar gekk mjög hægt vegna vatnsinnrennslis og bergþéttinga. Þar voru einungis sprengdir um 10 m og er lengd ganga þeim megin frá 3.330 m. Samtals er því búið að sprengja 7.432 m eða 70,3% af heildarlengd.

þetta tækifæri til að draga fram helstu breytingar sem það hefur í för með sér.

Þeir þættir sem Vegagerðin taldi áður sína þýðingarmestu umhverfisþætti voru útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá rekstrinum, úrgangur, bæði fastur og spilliefni, vatns- og orkunotkun og efnanotkun s.s. til hálkuvana, rykbindingar og skiltaþvotts, en það eru þættir sem hafa verið vaktaðir í grænu bókhaldi.

Greiningu á starfseminni lauk seint á árinu og að henni lokinni voru dregnir saman allir umhverfisþættir í starfseminni og flokkaðir eftir mikilvægi. Þeir umhverfisþættir sem Vegagerðin telur nú þá þýðingarmestu eru umhverfisþættir sem bæði þarf að stýra og vakta. Þeir eru röskun lands, umferðarhávaði, eldsneyti og olfur, asfalt, eiturefni og hættuleg efni, spilliefni, fastur úrgangur og loks fráveitur og skólp

Umhverfisþættirnir sem bættust við, röskun lands, umferðarhávaði og fráveitur og skólp hafa ekki verið vaktaðir í grænu bókhaldi, en þó hefur ýmislegt verið gert í þeim málum. Um

Hringvegur (1), Valtýskambur – Sandbrekka 08-010


Tilboð opnuð 8. júlí 2008. Nýbygging á um 4 km löngum kafla á Hringvegi (1) frá Valtýskambi að Sandbrekku í Hamarsfirði.

Helstu magntölur eru:

Rafmagnsgirðingar	7.500 m
Bergskering	100.000 m ³
Fylling	149.000 m ³
Stálröraræsi	364 m
Neðra burðarlag	31.000 m ³
Efra burðarlag 0-53 mm	4.400 m ³
Efra burðarlag 0-25 mm	2.300 m ³
Tvöföld klæðing	28.400 m ²
Grjótvörn	4.000 m ³
Vegrið	1.650 m

Slitlagslögn skal vera lokið fyrir 20. september 2009. Verki skal að fullu lokið fyrir 15. október 2009.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
4	Klæðning ehf., Hafnarfirði	300.000.000	128,7	111.550
---	Áætlaður verktakakostnaður	233.142.000	100,0	44.692
3	SG. vélar ehf., Djúpavogi og Dal-Björg ehf., Breiðdalsvík	230.761.000	99,0	42.311
2	Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	228.652.550	98,1	40.203
1	Háfell ehf., Reykjavík	188.450.000	80,8	0



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 7. júlí. 2008. Sprengingum frá Siglufirði til Héðinsfjarðar lauk 21. mars 2008.

röskun lands hafa t.d. verið í gildi mælanleg markmið um frágang gamalla náma, um að uppfylla skilyrði í mati á umhverfisáhrifum og um endurheimt votlendis. Varðandi umferðarhávaða þá er hann einn af þeim umhverfispáttum sem tekið hefur verið á við mat á umhverfisáhrifum nýframkvæmda og hvað varðar fráveitur og skólp þá er Vegagerðin með gildandi starfsleyfi frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga fyrir öll sín verkstæði og þjónustustöðvar.

Aðrir þættir sem Vegagerðin telur nauðsynlegt að þekkja og stýra, en síður þarf að vakta eru gamlar námur, steinefni, loftmengun vegna umferðar á vegum, hálkuvarnir og rykbinding, landgræðsla, sprengingar, frásog frá vélaverkstæðum og aflagðar brýr.

Um frágang gamalla náma, notkun steinefna, losun CO₂ frá


umferð á vegum, notkun efna við hálkuvarnir og rykbindingu, notkun áburðar og fræja við landgræðslu og fjölda aflagðra brúa eru reyndar teknar saman tölulegar upplýsingar ár hvert, þannig að þeir þættir eru í rauninni vaktaðir árlega.

Næstu skref verða að setja nauðsynlegar verklagsreglur og leiðbeiningar og að fara með umhverfismálin í innri úttektir sem gerðar eru reglulega á starfseminni, auk þess að fræða starfsmenn og fá þá til að vinna saman að bættri umhverfismenningu Vegagerðarinnar. Á hverju ári bætast þannig við ný viðfangsefni til að vinna að á sviði umhverfismála stofnunarinnar, auk þeirra föstu verkefna sem sífellt eru í gangi. Ég vil þakka þeim starfsmönnum um allt land sem vinna ótrauðir að framgangi þessara mikilvægu mála í starfsemi okkar.

Hreinn Haraldsson



Suðurstrandarvegur (427) vestan Hlíðarvatns. Útboð á nýbyggingu vegarins veriður opnað 12. ágúst. Nýr vegur mun liggja sunnan við vatnið.



Búið er að sprengja 462 m í Héðinsfirði og 3.330 m í Ólafsfirði. Samtals 7.432 m sem er 70,3 % af heildarlengd.

Framkvæmdir 2008

Vegarkafarnir sem unnið er við eru merktir inn á kortið og framkvæmdum lýst í stuttu máli. Stærstu viðhaldsverk eru merkt inn á kortið án texta.

Athugið að breytingar geta orðið á einstökum verkum.

61 Djúpvegur
Óshliðargöng
jarðgöng 5,4 km
þar af vegskálar 0,3 km
vegir 3,7 km
tvær brýr, 8 og 32 m
Útboð, forval auglýst: júní 2007
Verktaki: Íslenskir aðalverktakar
og Marti Contractors
Verklok: júlí 2010

61 Djúpvegur
Reykjanes - Hörtná
Nýbygging: 14,5 km
Þrjár brýr, 130 m, 60 m og 10 m
Útboð: október 2006
Verktaki: KNH ehf. og Vestfirskir verktakar ehf.
Verklok: nóvember 2008

61 Djúpvegur
Eyri - Svansvík
Nýbygging: 10,1 km
Útboð: mars 2007
Verktaki: KNH ehf.
Verklok: nóvember 2008

60 Vestfjarðavegur
Kjálkafjörður - Vatnsfjörður
Nýbygging: 15 km
Útboð: september 2008

60 Vestfjarðavegur
um Gufudalssveit
og 7650 Djúpadalsvegur
Nýbygging alls: 24 km
Útboð: 2008

60 Vestfjarðavegur
Hofstaðavegur - Þorskaufjarðavegur
Endurbýgging: 6,1 km
Útboð: október 2007
Verktaki: KNH ehf.
Verklok: nóvember 2008

54 Snæfellsnesvegur
um Fróðarheiði
Egils skarð - sæluhús
Endurbýgging: 4,5 km
Útboð: júní 2008
Verktaki: KNH ehf.
Verklok: september 2009

576 Framsveitarvegur
Snæfellsnesvegur - Norður-Bár
Endurbýgging: 4,9 km
Útboð: febrúar 2008
Verktaki: Stafnafell ehf.
Verklok: október 2008

574 Útnesvegur
Háahraun - Hella
Nýbygging: 17,7 km
Útboð: desember 2006
Verktaki: Stafnafell ehf.
Verklok: júlí 2009







54 Snæfellsnesvegur
um Haffjarðará
Nýbygging: 1,2 km
Útboð: 2008
Verklok: 2009

508 Skorradalsvegur
Grund - Hvammur
Endurbýgging: 2,7 km
Útboð: ágúst 2007
Verktaki: Þróttur ehf.
Verklok: júlí 2008

509 Akranevegur
Esbjbraut - Kalmansbraut
Nýbygging: 1,0 km
Útboð: apríl 2007
Verktaki: Þróttur ehf.
Verklok: ágúst 2008

504 Leirársveitarvegur
Leirá - Svinadalssvegur
Endurbýgging: 4,5 km
Útboð: febrúar 2008
Verktaki: Borgarverk ehf.
Verklok: október 2008

Framkvæmdir

-  Nýbyggingar, bundið slitlag
-  Nýbyggingar, malarslitlag
-  Yfirlagnir, viðhald á slitlagi eða seinna lag klæðningar
-  Styrkingar eða festun burðarlags
-  Styrkingar á malarvegi
-  Viðhald á malarslitlagi



Vegir

-  Vegir með bundnu slitlagi
-  Vegir með malarslitlagi
-  Mörk svæða



724 Reykjabraut
Hringvegur - Svinvetningabraut
Endurbygging: 6 km
Útboð: október 2008
Verklök: ágúst 2009

643 Strandavegur
í Bjarnafirði
Nýbygging: 3,15 km
Útboð: 2008

605 Tröllatunguvegur
Vestfjarðavegur - Djúpvegur
Nýbygging: 24 km
Útboð: mars 2007
Verktaki: Ingileifur Jónsson ehf.
Verklök: október 2009

745 Skagavegur
um Króksbjarg
endurbygging: 2,2 km
Útboð: júní 2008
Verklök: júlí 2009

744 Þverárfjallsvegur
Skagavegur
- Sauðárkróksbraut
Nýbygging: 12,3 km
Útboð: maí 2006
Verktaki:
Skagfirskir verktakar
Verklök: ágúst 2008

704 Miðfjarðarvegur
Laugabakki - Hringvegur
Nýbygging: 0,5 km
Útboð: september 2007
Verktaki: Guðmundur Vilhjálmsson
Verklök: júlí 2008

722 Vatnsdalsvegur
Hvammur - Hringvegur
Nýbygging: 8,2 km
Útboð: júlí 2008
Verklök: ágúst 2009

1 Hringvegur
um Hrutafjörð
Nýbygging: 8,5 km
og 65 m brú
Vegur útboð: nóvember 2007
Verktaki: Skagfirskir verktakar ehf.
Brú: lokið, samningur
vinnuflokkur Vegagerðarinnar
Verklök: nóvember 2008

1 Hringvegur
Grafarkot - Hraunsnaf
Nýbygging: 9,3 km
Útboð: maí 2007
Verktaki: KNH ehf.
Verklök: september 2009

1 Hringvegur
gatnamót við Borgarbraut
endurbætur
Útboð: desember 2007
Verktaki: Borgarverk, Borgamesi ehf.
Verklök: júlí 2008



Norðvestursvæði



Brúargerð yfir Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi.
Ljósmynd: Guðrún Þóra Garðarsdóttir.

Auglýsingar útboða

Vetrarþjónusta, Brjánslækur – Bíldudalur 2008-2011 08-046

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur með vörubifreið á leiðinni milli Brjánslækjar og Bíldudals. Einnig frá Bíldudal að Bíldudalsflugvelli og á Tálknafjarðarvegi. Um verkið verður gerður marksamningur.

Helstu magntölur á ári eru

(viðmiðunartölur marksamnings):

Vörubíll í snjómokstri
og hálkuvörn 22.000 km

Verktími er frá 1. október 2008 til og með 30. apríl 2011.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 14. júlí 2008. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 29. júlí 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Hlíðarendavegur í Ölfusi (380) 08-080

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurgerð 5,3 km langs Hlíðarendavegar í Ölfusi (380).

Helstu magntölur eru:

Skering	15.400 m ³
Fylling	9.700 m ³
Fláafleygar	5.600 m ³
Lögn stálröra	36 m
Neðra burðarlag	21.100 m ³
Efra burðarlag	6.500 m ³
Tvöföld klæðing	39.000 m ²
Frágangur fláa	40.000 m ²


Verkinu skal að fullu lokið 1. júlí 2009 en fyrra lag klæðingar skal komið á veginn fyrir 15. október 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 15. júlí 2008. Verð útboðsgagna er 4.000 krónur.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 29. júlí 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Vetrarþjónusta í Eyjafirði og á Hringvegi (1) að Krossi 2008-2013

Í síðasta tölublaði var auglýst útboð á snjó-
mokstri með vörubifreiðum ásamt stjórnun og
eftirliti með snjómokstri í Eyjafirði og á Hringvegi
frá Akureyri að Krossi í Ljósavatnsskarði. Um
verkið verður gerður marksamningur.
Kortið sýnir leiðirnar sem boðnar voru út.



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár	Opnað:
08-082 Hörgárdalsvegur (815), 2. áfangi Skriða - Björg	08	
08-077 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur, hönnun	08	
08-062 Kjósarskarðsvegur (48), Meðalfellsvegur - Pingvallavegur	08	
08-060 Arnarnesvegur (411), Rjúpnavegur - Breiðholtsbraut, hönnun	08	
08-015 Strandavegur (643) í Bjarnarfirði	08	
08-033 Hringvegur (1) um Hornafjarðarfliót	08	
08-034 Rangárvallavegur (264), Hringvegur - Minna Hof	08	
08-054 Hringvegur (1), Norðlingavað - Nesbraut	08	
08-052 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur	08	
08-032 Bræðratunguvegur (359) um Hvítá	08	
08-026 Reykjabraut (724), Hringvegur - Svínvetningabraut	08	
08-055 Reykjanesbraut (41), undirgöng við Hafnaveg	08	
08-022 Vestfjarðavegur (60), Kjálkafjörður - Vatnsfjörður	08	
08-021 Vestfjarðavegur (60), Gufudalssveit	08	
08-042 Breikkun Hringvegur (1) á Norðvestursvæði 2008-2009, 1. áfangi	08	
08-036 Suðurstrandarvegur (427), Ísólfsskáli - Krýsuvíkurvegur	08	
08-051 Keflavíkurvegur (424), Reykjanesbraut - Njarðarbraut	08	
08-016 Hringvegur (1) um Blönduós	08	
08-012 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður	08	
08-011 Kísilvegur (87) á Hólasandi	08	
08-009 Hófaskarðsleið, Raufarhafnartenging	08	
08-008 Hringvegur (1), breikkun í Öxnadal	08	
08-005 Hringvegur (1), Litla Sandfell - Haugaá	08	
07-089 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	08	
07-039 Álfarnesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	08	
07-040 Álfarnesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	08	
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	08	
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
08-046 Vetrarþjónusta Norðvestursvæði, Bíldudalur - Brjánslækur 2008-2011	14.07.08	29.07.08
08-080 Hlíðarendavegur í Ölfusi (380)	14.07.08	29.07.08
08-081 Vetrarþjónusta í Eyjafirði og á Hringvegi að Krossi 2008-2013	07.07.08	22.07.08
08-073 Grafningsvegur efri (360) um Úlfliótuvatn	07.07.08	22.07.08
08-025 Vatnsdalsvegur (722), Hof - Hjallaland	07.07.08	22.07.08

Auglýst útboð, framhald	Auglýst:	Opnað:
08-078 Heiðarbraut (3357), og Gnúpverjavegur (325)	30.06.08	15.07.08
07-084 Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur	30.06.08	11.08.08
07-057 Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur, eftirlit	30.06.08	11.08.08
08-066 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð, eftirlit	09.06.08	15.07.08
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
08-010 Hringvegur (1), Valtýskambur - Sandbrekka	23.06.08	08.07.08
08-076 Mjóafjarðarferja 2008-2011	16.06.08	08.07.08
07-012 Skagavegur (745) um Króksbjarg	09.06.08	24.06.08
08-018 Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði, Egilsskarð - sæluhús	09.06.08	24.06.08
08-072 Örnólfsdalsá hengibrú, stálmíði	02.06.08	18.06.08
08-075 Girðingar í Hornafirði 2008	02.06.08	18.06.08
08-074 Vallarvegur (262), Fljótshlíðarvegur - Kotvöllur	02.06.08	18.06.08
08-007 Illugastaðavegur (833), slitlagsendi - Illugastaðir	02.06.08	18.06.08
08-063 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð	14.04.08	12.06.08
08-040 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008, malbik á Akureyri	19.05.08	03.06.08
08-006 Borgarfjarðarvegur (94), Lagarfossvegur - Sandur	13.05.08	27.05.08
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07.04.08	20.05.08
08-003 Knarrarbergsvegur (8490), Veigastaðavegur - Leifsstaðavegur	31.03.08	15.04.08
Samningum lokið	Opnað:	Samíð:
08-031 Fjallabaksleið nyrðri (F208) Sprengisandsleið - Sigalda <i>Gröfuverk ehf.</i>	10.06.08	04.07.08
08-059 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhvamsvegur, hönnun	18.06.08	04.07.08
		<i>Verkfræðistofan Hnit hf.</i>
08-070 Hringvegur (1), Skarhólabraut - Hafravatsvegur, hönnun	18.06.08	02.07.08
		<i>VSÓ ráðgjöf ehf.</i>
07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Pingvallavegur - Laugarvatnsvegur	20.05.08	04.07.08
		<i>Klæðning ehf.</i>

Framkvæmdafréttir, útgáfutíðni

Þetta tölublað er númer 21 á árinu og kemur það út í viku 29. Það hafa því komið út blöð flestar vikur ársins. Reglan er sú að útboðsauglýsingar ráða útgáfu að mestu leyti. Næstu vikurnar mun líklega verða rólegar í þeim efnum og því má reikna með færri blöðum. Það geta því liðið tvær samfelldar vikur án þess að áskrifendur fái blað í hendurnar. *Ritstjóri*